



Borgarráð

Gufunes - lóðarvilyrði til Irmu ehf.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita Irmu ehf., kt. 411204-3320, Íshellu 2, 221 Hafnarfirði, nýtt lóðarvilyrði í Gufunesi, með fyrirvara um gildistöku deiliskipulags sem heimilar byggingu atvinnuhúsnæðis sem hentar starfsemi félagsins. Samhliða fellur niður vilyrði dags. 3. maí 2018.

Greinargerð:

Þann 3. maí 2018 veitti borgarráð Irmu ehf. lóðarvilyrði fyrir Gufunesvegi 32. Það var í kjölfarið af stefnumörkun og skipulagssamkeppni að Reykjavíkurborg ákvað að á nýjum lóðum í Gufunesi yrði einkum starfsemi sem tengist kvikmyndagerð með einum og öðrum hætti. Aðalstarfsemi Irmu felst í að smíða sviðsmyndir fyrir viðburði eins og td. tónleika og kvikmyndir. Sú lóð sem Irma fékk vilyrði fyrir áður heimilar íbúðir á efri hæðum og er nú ljóst að lóðin hentar ekki fyrir starfsemi Irmu.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita Irmu nýtt lóðarvilyrði fyrir lóð í áfanga 2 í Gufunesi með fyrirvara um gildistöku deiliskipulags sem heimilar byggingu atvinnuhúsnæðis sem hentar starfsemi félagsins. Verð byggingarréttar fyrir atvinnuhúsnæði er það sama og samþykkt var í vilyrðinu sem samþykkt var 3. maí 2018.

Komi til þess að deiliskipulag taki ekki gildi fyrir áfanga 2 í Gufunesi innan þriggja ára frá samþykki borgarráðs fyrir lóðarvilyrði þessu, fellur það niður. Sama gildir ef ekki er óskað eftir úthlutun lóðar innan árs frá gildistöku deiliskipulagsins.

Þorsteinn Gunnarson
borgarritari